

Þorrapýtur Þelamerkurskóla

3. tbl. 11. árg. 26. janúar 2008

Ingileif Ástvaldsdóttir –Unnar Eiríksson

Dagur Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi.

Í nokkur ár hefur dagur Davíðs Stefánssonar verið haldinn hátíðlegur í skólanum.

Davíð Stefánsson (1895-1964) er eitt af öndvegisskáldum Íslendinga. Skáldskapur hans er einhver dýrasti menningararfur sem þjóðin á og er löngu orðinn sígildur.



Davíð Stefánsson var eitt vinsælasta skáld sinnar tíðar. Á afmælisdegi skáldsins sem var mánudaginn 21. janúar mættu nemendur á sal skólans til þess að hlusta á dagskrá sem tileinkuð var skáldinu.

Dagskráin var flutt af nemendum 7. – 8. bekkjar undir umsjón Gunnlaugs Ólafssonar kennara. Krakkarnir sögðu frá ævi og helstu störfum skáldsins. Einnig sungu nemendur og kennarar í upphafi og við lok stundarinnar. Það var Jónína Sverrisdóttir sem hafði umsjón með söngnum ásamt Sigríði sem er nýi gítarkennari Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Útivistardagur

Fimmtudaginn 31 janúar ætlum við að vera með útivistardag í skólanum.

Farið verður á skíði upp í Hlíðarfjall.

Nemendur koma að skóla á venjulegum tíma og byrja á því að borða morgunmat í skólanum.

Lagt verður af stað frá skólanum kl. 9:00. Nemendur fara með sínum skólabíl í fjallið og geta því geymt skíðadótið sitt í skólabílnum.

Í hádeginu fá nemendur nesti frá skólanum.

Hádegismatur verður milli kl. 11:30 og 12:00.

Heimferð frá Hlíðarfjalli verður kl. 14:00 og nemendur verða komnir heim á venjulegum tíma. Þó gæti orðið einhver seinkun á heimferð.

Þeir nemendur sem þurfa að leigja sér skíði eða bretti þurfa sjálfir að greiða fyrir leiguna, en ekki lyftugjald í fjallið.

Fyrir þá sem þurfa að leigja skíði eða bretti þá er leigan í Hlíðarfjalli 1500 krónur pr. mann. Síminn er 462-2280.

Það er einnig hægt að leigja skíði og bretti hjá Viddu í Skíðaþjónustunni.

Nemendur sem ekki

hafa áhuga á því að fara á skíði/bretti geta komið með snjóþotur eða sleða með sér.

Einnig verður skipulagður gönguhópur ef næg þátttaka fæst.

Þeir nemendur sem að **ein hverjum orsökum** komast ekki í fjallið, eða hafa ekki áhuga á því, geta verið við nám í skólanum þennan dag í umsjón kennara.



Forföll og leyfi nemenda

Ef foreldrar þurfa að tilkynna forföll nemenda er hægt að hringja í tvö númer. Milli kl. 7:00 – 7:50 á morgnana er best að hringja í gsm númerið s – 862-3839. Síðan frá kl 7:50 á morgnana í þráðlausan síma kennarastofunnar sem er 460-1772.

Tilraunaverkefni fyrir morgunhana

Ákveðið hefur verið að gera tilraun með það að bjóða uppá morgunsundtíma í sundlaug Þelamerkur á mánudagsmorgnum og föstudagsmorgnum frá kl. 7.00 – 8.30.

Tilraunin mun standa út febrúarmánuð og eftir þann tíma verður skoðað hvort

raunhæft sé að halda þessu áfram.

Þeir sem hafa áhuga á að koma í sund þessa morgna vinsamlegast hafið samband við Lárus Orra forstöðumann íþróttahússins í síma 866-2696.



Kostnaður verður 300 krónur í hvert skipti.

Skólaakstur

Eins og oft hefur komið fram hér í fréttabréfi skólans er það að mikilvægt er að nemendur séu tilbúnir þegar von er á skólabílnum og fylgist með ferðum hans. Bílstjóri getur ekki beðið lengi til að halda



áætlun, enda bitnar bíð á einum stað á nemendum sem bíða annars staðar.

Einnig skal bent á að bílarnir taka aðeins tilskilinn fjölda farþega og því miður kemur það allt

of oft fyrir að aukafarþegar komi í rútna án þess að um það sé fyrirfram talað við bílstjórann eins og mælt er fyrir í reglum skólans. Foreldrar þurfa að hafa samband við bílstjórann og kanna hvort mögulegt er að fjölga farþegum.

Símanúmer bílstjóra eru í Upplýsingabæklingi skólans og auðvitað á heimasíðunni okkar thelamork.is

Þorablót skólans

Það hefur verið hefð í skólanum að blóta þorann. Nemendur í 1. – 6. bekk halda sitt þorablót á skólatíma en nemendur 7. – 10. bekkjar eru með sitt þorablót um kvöldið. Að íslenskum sið er að sjálfsögðu boðið upp á hefðbundinn þorramat og sungin íslensk þorralög. Umsjón með þorablóti 7. – 10. bekkjar er í höndum 9. bekkjar. Á þorablót eldri bekkjanna er starfsfólki skólans og mökum þeirra boðið, nemendum í 7. – 10. bekk, foreldrum 9. og 10. bekkinga, bílstjórum og mökum þeirra. Þorablót skólans verður föstudaginn 15. febrúar n.k.

Öskudagur í Pelamerkurskóla

Þriðjudaginn 5. febrúar sem er sprengidagur verður ÖSKUDAGSBALL á skólatíma fyrir alla nemendur skólans. Ballið hefst eftir hádegisverð og stendur til kl. 15.30. Eftir ballið er nemendum ekið heim í skólabílum.

Við ætlum að slá köttinn úr tunnunni.

Einnig verður búningakeppni, söngvakeppni öskudagsliða, diskótek og fleira.

Þar sem ballið hefst eftir hádegi koma nemendur með sinn búning með sér í skólann og fá aðstoð í skólanum til þess að klæða sig í hann.

Einnig verða þeir nemendur sem þurfa andlitsmálingu málaðir í skólanum. Dúddabúð verður opinn á öskudagsballinu.

Foreldrar eru velkomnir og auðvitað mæta allir í búningum.

Sjálfan öskudaginn sem er 6. febrúar er starfsdagur hjá kennurum skólans og því frí hjá nemendum.



Þú ert boðin/n í afmælið mitt

Það er mjög algengt að nemendur komi með boðskort í skólann til þess að bjóða bekkjarfélögum í afmæli sitt. Stundum er öllum bekknum boðið en oft er aðeins fáum boðið.

Það er ekki gaman og stundum jafnvel sárt að sitja hjá þegar nánast allur bekkurinn fær að mæta í afmælið. Því viljum við fara fram

á það við nemendur og foreldra að dreifa ekki boðskortum í skólanum nema þegar verið er að bjóða öllum í bekknum. Þó horfir þetta öðruvísi við ef t.d. strákur í bekk bíður aðeins strákunum og öfugt.



Með bestu kveðjum frá Pelamörk.

